



Epsilondeild DKG. Aðalfundur haldinn í Tryggvaskála á Selfossi 18. maí 2022 kl 18:30.

1. Ingibjörg Ingadóttir, formaður, kveikti á kertum, vináttu, trúmennsku og hjálpssemi og setti þar með fundinn. Hún fór yfir nöfn systra og 13 voru mættar. Formaður lýsti ánægju sinni með að geta loksins haldið fund og bauð systur velkomnar.
2. **Orð til umhugsunar.** Formaður tók þann lið að sér. Sagði hún frá ýmsum skondnum atburðum úr kennslu að undanfögnu en hún kemur bæði við fullorðinskennslu, auk kennslu barna í Ísaksskóla. Fannst við hæfi að syngja lag Olgu Guðrúnar: Er ekki jörðin fyrir alla? En það á sérstaklega vel við daginn í dag. Í myndmenntakennslu bað hún 7 ára börn að skrifa börnum frá Úkraínu. Benti á að landið okkar væri stórt og pláss fyrir alla. Ungur nemandi benti aftur á móti á að fólk væri alltaf að eiga börn. Sá sami teiknaði á sitt blað og skrifaði "Það er ekki pláss fyrir ykkur, bæ." En bætti við: "Ég stend með ykkur."
3. **Ársreikningar lagðir fyrir fundinn.** Reikningar fyrir árin 2020 og 2021 voru kynntir. Eydis Katla, gjaldkeri sá um það. Inneign við árslok 2020 voru 237.013 kr en hafði lækkað í kr. 185.526 við árslok 2021.
4. **Fundargerð síðasta fundar.** Ritari, Guðrún Sigríks, las upp fundargerð frá fundi 29. sept 2021 og var hún samþykkt.
5. **Ný stjórn.** Formaður kynnti nýja stjórn. Formaður lætur af störfum en í stað hennar tekur Guðríður Egilsdóttir við. Eydis Katla, Guðrún Sigríks og Ester halda áfram og Margrét Guðmundsdóttir bætist við.
6. **Orðið laust.** Nokkrar systur tóku til mál, bæði með skemmtisögur og alvarlegri hluti, eins og alvarlegar aðstæður flóttafólks frá Úkraínu. Guðríður þakkaði systurum traustið sem henni er sýnt með formannsembættinu. Hún ætlar að gera sitt besta og ætlar að halda fyrsta fundinn heima hjá sér.
7. **Fyrirlestur.** Soffía Sveinsdóttir, IB stallari, þ.e. deildarstjóri í alþjóðadeild í Menntaskólanum í Hamrahlíð. IB samtökin voru stofnuð 1968 og eru núna starfrækt í 159 löndum með um tvær milljónir nemenda. Nám á vegum IB er fyrir metnaðarfulla, samviskusama og duglega nemendur.

Þetta er vel metið nám meðal háskóla um allan heim. Aðeins einn skóli er á Íslandi en nokkuð margir á hinum Norðurlöndunum.

Markmið IB er að gera nemendum kleift að þroska með sér heilbrigða dómgreind, skynsemi til að velja og bera virðingu fyrir öðrum í alþjóðasamfélaginu.

IB nám er fyrir íslenska nemendur sem koma beint úr grunnskóla.

Íslendinga sem hafa dvalið erlendis og hafa takmarkað vald á íslenskri tungu og útlendinga sem tala ekki íslensku.

Nemendur ljúka námi sem er staðlað og prófin eru samræmd.

8. **Happdrætti.** Happdrættið góða var næst á dagskrá. Fallegt útiblóm var í vinning og fékk hann Vera Valgarðsdóttir.
9. **Matur á borð borin.** Systur gæddu sér á frábærum mat sem pantaður var áður. Sumar fengu lambaspjót og aðrar lax og flestar Dísuköku í eftirrétt. Góður rómur var gerður af matnum.

Fleira ekki gjört og fundi slitið kl 21:00.

Ritari fundarins: Guðrún Sigríks Sigurðardóttir.